



Ræða
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
í hátíðarkvöldverði
Juri Neyolov ríkisstjóra
í Yamal-Nenets-héraði
Rússlandi
21. apríl 2002

Heiðraði ríkisstjóri Juri Neyolov
Ágætu gestir

Við höfum átt hér saman afar fróðlegan og ánægjulegan dag og ég færi yður Juri Neyolov ríkisstjóri einlæggar þakkir fyrir frábærar móttökur og ríkulega gestrisni.

Það var mér og samferðarmönnum mínum sérstakt kappsmál að fá tækifæri til að koma hingað og kynnast lífsháttum, menningu, viðfangsefnum og vandamálum sem móta framtíðarsýn íbúanna.

Ég nefndi í ræðu minni í hátíðarkvöldverði forseta Rússlands Vladimir Putin að við Íslendingar höfum á undanförunum árum lagt mikla áherslu á samvinnu þjóðanna í norðri og heimsókn mín nú væri staðfesting á vilja okkar til að efla hana enn frekar og styrkja.

Með ferð okkar hingað til Yamal-Nenets-héraðs erum við að sýna þessa ætlan okkar í verki og gefa til kynna að nán persónuleg þekking á högum fólksins í norðri sé forsenda þess að okkur takist að ná raunhæfum árangri.

Íbúar norðursins hafa varðveitt einstæða menningu og saga þeirra og siðir sýna hvernig hægt er að laga sig að óblíðum öflum náttúrunnar, snúa harðræði í framfarasókn, nýta kosti lífríkisins til að búa sér og sínum viðunandi kjör.

Norðrið er í hugum margra sem í öðrum heimshlutum búa heillandi veröld íss og kulda, hvítar snjóbreiður og kristaltær klaki eru ímynd hreinleika og fegurðar, norðurljós og vetrarnætur ábending um einstæða dulúð og sumarsól og miðnæturbirta að vori tákn hins eilífa dags.

Við íbúar norðursins vitum að þessi töfrandi sýn þeirra sem í fjarska búa er hins vegar samofinn þeirri lífsreynslu sem mótar líf okkar, lífsreynslu sem sýnir að norðrið getur verið hart í horn að taka, skapað þolraunir og erfiða glímu, krafist allrar okkar orku svo að við sigrumst á þeim þrautum sem náttúran leggur fyrir okkur.

Íbúar norðurslóða hafa brugðist við þessum ögrandi verkefnum með ólíkum hætti og hin fjölpætta menning sem mótar líf fólksins frá norðurhéruðum Rússlands til norðvestur Finnlands og norðurhéraða Svíþjóðar og Noregs yfir Atlantshafið til Íslands og þaðan til Grænlands, Kanada og nyrsta fylkis Bandaríkjanna Alaska, er merkilegur vitnisburður um sambúð manns og náttúru. Við búum vissulega að ríkri arfleifð og verkefni samtímans er að tvinna hana saman við þá nauðsynlegu viðleitni að skapa okkur hagstæð lífskjör á nýrri öld.

Þjóðirnar á norðurslóðum geta mikið lært hver af annarri og við þurfum að styrkja samstarfsstofnanir okkar og samráðsvettvang svo tengsl okkar verði jafnt og þétt öflug og árangursrík.

Það hefur verið mikils virði að fá tækifæri til að kynnst viðhorfum ykkar hér á heimaslóðum og við gestirnir höfum orðið margs vísari. Ég er sannfærður um að sú vitneskja á eftir að nýtast okkur vel á næstu árum í samræðum og samstarfsverkefnum um málefni norðurslóða.

Norðrið er ekki aðeins mikilvægt fyrir okkur sem þar búum heldur gegnir það einnig mikilvægu hlutverki fyrir lífsskilyrði á jörðinni allri. Hafstraumarnir sem þar fara um móta loftslag um heiminn allan og lífríki norðursins geymir einstakt safn dýra og gróðurs sem er dýrmætur þáttur í vistkerfi veraldarinnar. Ákvarðanir okkar og aðgerðir hafa því áhrif sem snerta aðra með skýrum hætti. Örlög norðursins eru ríkulega samofin framtíð heimsins.

Ég fagna því sérstaklega að hafa í heimsókn minni til Rússlands fengið tækifæri til að koma til ykkar, íbúa Yamal-Nenets-héraðs og kynnst því af eigin raun hvernig þið hafið unnið úr þeim efnivið sem norðrið býr yfir. Ég vona að þið hafið einnig fundið að með ferðinni hingað höfum við Íslendingar sýnt að við viljum tengja samstarf þjóðanna í norðri við þann veruleika sem er daglegt viðfangsefni fólksins sjálfs.

Ég bið góða gesti að rísa á fætur og lyfta glösum til heiðurs Juri Neyolov ríkisstjóra og til heilla íbúa Yamal-Nenets-héraðs og fyrir farsælu samstarfi íbúa norðursins um alla framtíð.